

Stjórnarfundur 22. febrúar 2023

Mættir: Eyþór Gíslason, Þórdís Arnardóttir, Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir, Elísabet Ýr Kristjánsdóttir, Rósa Björk Jónsdóttir, Sigurþór Ágústsson, Gunnar Halldórsson og Kristín Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð

UMSB sambandsþing framundan, 8. mars kl 18. í Þinghamri. Borgfirðingur sendir 5 fulltrúa á þingið. Eyþór, Þórdís og Kristín tilbúin að fara. Sigurþór, Brynja eða Elísabet hugsa málið.

Umræður um umgengni í félagsheimilinu.

Reiðhöllin, þarf að laga hitablásarana, vantar nýjar víftur í 2. Sigurþór óskar eftir að kaupa hitablásara í hesthúsið. Kostar ca 300.000 kr. Samþykkt af stjórn. Aðgangsstýrikerfið er klárt og verið að prófa það. Nemendur MB voru ánægðir með útkomuna í fyrsta mótinu en ýmislegt þarf að laga. T.d. alltaf að slá út, biluð kaffikanna, kalt.....

Þarf að laga hressilega til á efri hæðinni í reiðhöllinni, þulastúkan og þar innaf. Það má henda ansi miklu. Fá ruslagám á svæðið og lyftara til að taka stærri hluti.

Umræður um drög að reglum íþróttamanns Borgfirðings. Brynja búin að vinna heilmikið í þessu. Stjórnin gerir engar athugasemdir.

Uppskeruhátíð Borgfirðings. Stefnt að því að hafa uppskeruhátíð eftir tímabilið. Hvenær ætti hún að vera og hvað á að verðlauna. Haldin að hausti – fyrir 1. nóvember. Samþykkt af stjórn.

Búið að sækja um leyfi fyrir dansleik síðasta vetrardag. Búið að panta armbönd og festa hljómsveit. Þórdís komin með 6 manna nefnd og síðan þarf ca 25 manns í gæslu.

Borgarbyggð verður með árshátíð í reiðhöllinni 31. mars.

Sportfengur, ættum við að athuga með námskeið? Er t.d. verið að bjóða upp á það. Athuga með áhuga hjá hinum félögunum í kring. Þyrftu að vera fleiri sem geta unnið í Sf.

Fundi slitið kl 21.00